

Umsögn Leikfélags Akureyrar um Þingskjal 202 — 199. mál. Frumvarp til sviðslistalaga.

Akureyri 5. nóvember 2012

Leikfélag Akureyrar tekur undir umsögn Leiklistarsambands Íslands varðandi frumvarp til sviðslistalaga.

Einnig óskar stjórn Leikfélagsins eftir því að Leikfélags Akureyrar sé getið í 18. grein laganna:

Ráðherra er heimilt á grundvelli tillögu frá sviðslistaráði að gera, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum á samningstímanum, tímabundinn samning fyrir hönd ríkissjóðs til stuðnings starfsemi atvinnusviðslistahópa, sviðslistahátíða og atvinnuleikhúsa *svo sem Leikfélags Akureyrar*. Í slíkum samningi við lögaðila skal gerður fyrirvari um stuðning hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga.

Rökstuðningur:

- Leikfélag Akureyrar er eina stofnunin sem stundar atvinnustarfsemi á sviði sviðslista utan höfuðborgarsvæðisins.

LLA L A er rekið á grundvelli menningarsamnings ríkisins við Akureyrarbæ og þrátt fyrir að það sé ekki með beinan samning við ríkið þá teljum við að það skjóti skökku við að nefna þessa aldagömlu stofnun ekki í Sviðslistalögum.

- Auk þess að framleiða efni og stuðla að frumsköpun í íslenskum sviðslistum sinnir Leikfélagið mikilvægu þjónustu og uppeldishlutverki á Norð-austur hluta landsins. Leikfélagið er í virku samstarfi við grunn- og framhaldsskóla á svæðinu hvað varðar mótun náms í sviðslistum auk þess að reka skóla í beinum tengslum við leikhúsið fyrir börn á aldrinum 8-15 ára. Leikfélag Akureyrar hefur þjónað þeim áhuga- og atvinnuleikhópum sem starfa á svæðinu með ýmsum hætti svo sem hvað varðar aðstöðu, ráðgjöf, miðlun þekkingar og lán á búningum og leikmunum.